

Innlent | mbl | 23.3.2011 | 19:28 | Uppfært 24.3.2011 13:13

Tilboð í þrjú verk opnuð hjá Landsvirkjun



Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar. mbl.is/Eggert
Jóhannesson

Þrjú tilboð bárust í jarðfræðirannsóknir vegna Hólmsárvirkjun, öll aðeins undir kostnaðaráætlun. Lægsta tilboðið kom frá Jarðborunum en það var upp á 47,7 milljónir króna.

Átta tilboð bárust í nýja aðrennslispípu fyrir Laxárstöð 2. Lægsta tilboðið var frá kínversku fyrirtæki, sem bauðst til að vinna verkið fyrir 860 þúsund dollara en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 2,5 milljónir dollara.

Þá bárust þrjú tilboð í eftirlitsþjónustu með byggingu Búðarhálsvirkjunar, frá Mannviti og Verkís, Hniti hf. og Almennu Verkfræðistofunni, Geotek og VSÓ Ráðgjöf. Byrjað verður á því að fara yfir tæknileg tilboð bjóðenda. Að því loknu verða fjárhagsleg tilboð opnuð.

[mbl.is/Árvakur hf.](http://mbl.is/Arvakur hf.) © 2011
Hádegismóum 2, 110 Reykjavík
sími 569-1100, símbref 569-1110
[Fréttadeild mbl.is](http://mbl.is) | [Tæknideild mbl.is](http://mbl.is)